Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 20. mars 2014.

Ólafur Karl Eyjólfsson hdl.

(2014005332A

Útgáfud.: 24. mars 2014

Innkallanir

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. mars 2014 voru eftirtalin bú tekin til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í búunum. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bú.

Nafn bús: Björgvin Ragnar Emilsson,
kt. 180263-7569,
Dvergholti 13,
Mosfellsbæ
2014005408)

Frestdagur: 19. desember 2013

Skiptafundur: miðvikudaginn
18. júní 2014,
kl. 9.00

Gistihúsið Ísafold ehf.,
13. janúar 2014

miðvikudaginn
18. júní 2014,

kt. 471293-2619,
Ármúla 36,
Reykjavík
2014005407)

kl. 9.30

JS Developers ehf., 7. janúar 2014
kt. 591012-0880,
Laufrima 20,
Reykjavík
2014005406)

miðvikudaginn
18. júní 2014,
kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur búunum eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búunum innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lág múla 5, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Lág múla 5, 6. hæð, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum mun skiptum lokið á þeim skiptafundum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Skrár um lýstar kröfur munu liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 20. mars 2014.

Rúnar S. Gíslason hdl.

(2014005405A

Útgáfud.: 21. mars 2014

Framhald uppboðs

Uppboði á fasteigninni Hraunbæ 74, fnr. 204-4768, Reykjavík, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum, sem byrjaði 26. apríl 2010, verður framhaldið á eigninni sjálfri þriðjudaginn 1. apríl 2014, kl. 15:00.

Með því að ekki er kunnugt um dvalarstað þinglýsts eiganda að fasteigninni, Gunnhild Hatlemark Öyahals, kt. 020361-4259, sem átti síðast þekkt heimilisfang að Hraunbæ 74, Reykjavík, er þessi tilkynning gagnvart henni birt í Lögbirtingablaði samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 90/1991.

Sýslumaðurinn í Reykjavík,
18. mars 2014.

(2014005315

Útgáfud.: 21. mars 2014

Framhald uppboðs

Uppboði á fasteigninni Gyðufelli 10, fnr. 205-2476, Reykjavík, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum, sem byrjaði 10. mars 2014, verður fram haldið á eigninni sjálfri þriðjudaginn 1. apríl 2014 kl. 13:30. Með því að ekki er kunnugt um dvalarstað þinglýsts eiganda

að fasteigninni, Grzegorz Szpulewski, kt. 230479-3289, sem átti síðast þekkt heimilisfang að Gyðufelli 10, Reykjavík, er þessi tilkynning gagnvart honum birt í Lögbirtingablaði samkvæmt 4. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1991.

Sýslumaðurinn í Reykjavík,
18. mars 2014.

(2014005316

Útgáfud.: 18. mars 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurstræti 17, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Vitali Akimov,	28. mars 2014,
kt. 300375-2519,	kl. 10.15
Torfufelli 27, Reykjavík	

Reykjavík, 13. mars 2014.
F.h. Erlends Þórs
Gunnarssonar hrl.,
Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.
(2014005140

Útgáfud.: 18. mars 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurstræti 17, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Rasa Ratkute,	28. mars 2014,
kt. 050876-2179,	kl. 10.00
Torfufelli 27, Reykjavík	

Reykjavík, 13. mars 2014.
F.h. Erlends Þórs
Gunnarssonar hrl.,
Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.
(2014005141

Útgáfud.: 18. mars 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kringlunni 4-12, 9. hæð, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Effect ehf.,	3. apríl 2014,
kt. 611004-2220,	kl. 11.30
Bergstaðastræti	10a,
Reykjavík	

Reykjavík, 13. mars 2014.
Bjarni Hólmur Einarsson hdl.

(2014005142

Útgáfud.: 20. mars 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kirkjubraut 12, Akranesi á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:	Skiptafundur:
Brynjóflur G. Harðarson,	4. apríl 2014,
kt. 120257-7149,	kl. 10.00
Garðaföt 7, Stykkishólmi	

Akranesi, 12. mars 2014.
Jón Haukur Hauksson hdl.

(2014005324

Útgáfud.: 24. mars 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 25, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Þrotabúi, nafn:	Skiptafundur:
Houdini ehf.,	4. apríl 2014,
kt. 711204-3340,	kl. 15.00
síðasta heimilisfang:	
Drangahrauni 4, Hafnarfirði	

Reykjavík, 19. mars 2014.
Grétar Dór Sigurðsson hdl.
(2014005404

Útgáfud.: 18. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. desember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta.

Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Lýstar kröfur skv. lögum 21/1991 voru: 1 krafa skv. 110. gr., kr. 350.000, 1 krafa skv. 111. gr., kr. 99.582.414, 10 kröfur skv. 113. gr., kr. 54.049.986, 10 kröfur skv. 114. gr. kr. 94.306.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Brynjar ehf.,
kt. 520700-2180,
Höfðabakka 1, Reykjavík

kr. 154.076.706

Reykjavík, 12. mars 2014.
F.h. Konráðs Jónssonar hdl.,
Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.
(2014005129

Útgáfud.: 18. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 16. september 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 14. mars 2014.

Úthlutunargerð búsins var samþykkt á skiptafundi við lok skipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Tvíviðd ehf.,
kt. 420300-2470,
Lerkilundi 32, Akureyri

Ekkert greiddist upp í veðkröfur, samtals að fjárhæð kr. 3.332.974. Forgangskrafa að fjárhæð kr. 36.863 greiddist að fullu. Upp í almennar kröfur, samtals að fjárhæð kr. 14.672.541, greiddist 2,03%.

Akureyri, 14. mars 2014.
Ingvar Þóroddsson hdl.
(2014005130

Útgáfud.: 18. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. maí 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Mímir Holding ehf.,
kt. 490307-0440,
Höfðatúni 2, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 143.006.360

Reykjavík, 12. mars 2014.
Sveinn Guðmundsson hrl.

(2014005133

Útgáfud.: 18. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. desember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Jón Pétur RE-411 ehf.,
kt. 571209-1010,
Verbúð 67, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Skv. 112. gr., kr. 126.246,
skv. 113. gr., kr. 8.295.404,
skv. 114. gr., kr. 45.128

Reykjavík, 12. mars 2014.
F.h. Konráðs Jónssonar hdl.,
Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014005138

Útgáfud.: 18. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. desember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Keyrsla ehf.,
kt. 500809-1080,
Vesturbergi 136, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 6.386.291

Reykjavík, 12. mars 2014.
F.h. Konráðs Jónssonar hdl.,
Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014005139

Útgáfud.: 19. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 27. júní 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 11. mars 2014.

Samkvæmt úthlutunargerð greiddust að fullu veðkröfur, alls að fjárhæð kr. 32.188.969. Engar forgangskröfur voru. Upp í almennar kröfur sem voru kr. 15.119.273 greiddust kr. 606.232, eða 4%. Ekkert fékkst greitt upp í eftirstæðar kröfur.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Albert Pálsson,
kt. 120762-3419,
Hringbraut 83, Reykjavík

Samtals kr. 15.325.427

Reykjavík, 18. mars 2014.

Bergur Hauksson hdl.

(2014005301

Útgáfud.: 19. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 7. nóvember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 18. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Sjávarferðir ehf.,
kt. 431204-3710,
Holtagerði 37, Kópavogi

Kr. 5.319.491

Reykjavík, 18. mars 2014.

Bergur Hauksson hdl.

(2014005302

Útgáfud.: 19. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 12. desember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Hstefánsson ehf.,

Lýst var kröfum samtals að

kt. 670902-3740,
Hrauntúni
Vestmannaeyjum

fjárhæð kr. 1.980.174. Ekki
44, var lýst forgangskröfum.

Reykjavík, 13. mars 2014.

Helgi Bragason hrl.

(2014005305

Útgáfud.: 19. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 12. desember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. mars 2014 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Hákollur ehf.,
kt. 561297-2909,
Smáragötu
Vestmannaeyjum

Lýst var kröfum samtals að
fjárhæð kr. 3.900.287. Ekki
2, var lýst forgangskröfum.

Reykjavík, 13. mars 2014.

Helgi Bragason hrl.

(2014005306

Útgáfud.: 24. mars 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. ágúst 2009 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 10. desember 2013.

Samtals var lýst kröfum að fjárhæð 595.778.859 kr. Þar af voru búskröfur skv. 110. gr. gbl. að fjárhæð 4.923.047 kr., veðkröfur skv. 111. gr. gbl. að fjárhæð 277.666.562 kr. og forgangskröfur skv. 112. gr. gbl. að fjárhæð 36.822.996 kr. Allar samþykktar bús- og veðkröfur voru greiddar að fullu og upp í forgangskröfur fengust 32,26%. Upp í aðrar kröfur fékkst ekkert.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

GV heildverslun ehf.,
kt. 710868-0189,
Sundaborg 9-11, Reykjavík

kr. 595.778.859

Reykjavík, 13. mars 2014.

Halldór Jónsson hrl.

(2014005312

Útgáfud.: 19. mars 2014

Auglýsing um skipulag - Reykjanesbær

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 18. mars 2014 samþykkt óverulega breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2008-2024. Breytingin er sett fram í greinargerð, dags 8. mars 2014. Í greinargerð kemur fram rökstuðningur við breytinguna.

Breytingin fellst í því að byggingarmagn er aukið á verslunar- og þjónustusvæði VP5 sunnan Fitja án breytingar á nýtingarhlutfalli svæðisins. Málsmeðferð var í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Reykjanesbæ, 19. mars 2014.

Skipulagsfulltrúi.

(2014005262

Útgáfud.: 19. mars 2014

Auglýsing um skipulag - Reykjanesbær

Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagstillaga, Grófin-Berg og sunnan Fitja.

Í samræmi við 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýstar til kynningar eftirfarandi tillögur að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulögum.

a) Breyting á aðalskipulagi, Grófin og Berg.

Breytingin fellst í að miðsvæði er stækkað og íbúðasvæði minnkað. Einnig er sjávarstæði við höfn minnkað og fært til suðurs. Greinargerð er sett fram á uppdrætti í mkv 1:17.500.

b) Deiliskipulagstillaga, Grófin-Berg.

Gert er ráð fyrir uppbyggingu á nýju miðsvæði í Grófinni og þéttingu núverandi íbúðabyggðar á Berginu. Einnig er gert ráð fyrir stækkun smábátahafnar. Tillagan er sett fram á tveim uppdráttum og í greinargerð.

c) Deiliskipulagstillaga, sunnan Fitja.

Deiliskipulagssvæðið er um 32,3 ha sunnan Fitja (Patterson svæði). Svæðið afmarkast af reit VP5 í aðalskipulagi. Á svæðinu er gert ráð fyrir starfsemi sem tengist rannsóknnum og þróun, m.a í tengslum við nýtingu orku, netþjónabúum og gagnaverum.

Tillögur ásamt fylgigögnum verða til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 frá og með 20. mars 2014 til 1. maí 2014. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 1.maí 2014. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar á Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykktur þeim.

Reykjanesbæ, 19. mars 2014.

Skipulagsfulltrúi.

(2014005267

Útgáfud.: 19. mars 2014

Auglýsing um skipulag - Seltjarnarnesbær

Bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkti á fundi sínum 30. október 2013 að auglýst yrði breyting á deiliskipulag Suðurstrandar og Hrólfskálamels, sem samþykkt var 15. október hjá skipulags- og mannvirkjanefnd á Seltjarnarnesi í samræmi við 41. gr. skipulagsslaga nr. 123/2010.

Breyting á deiliskipulaginu varðar lóðina Hrólfskálamel 1-18 þar sem skábraut fyrir akstur upp úr bílageymslu færast frá byggingarreit fyrir 1-7 inn á miðju svæðis í átt að húsinu 2-8 og byggingarreitur fyrir hús 10-18 stýttist nokkuð og færast lítillaga vestur og suður.

Deiliskipulagið verður til sýnis á bæjarskrifstofum Seltjarnarness að Austurströnd 2, virka daga frá kl. 8:00 til 14:00, frá 19. mars til og með 5. maí 2014. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til þjónustuvæðis í bæjarskrifstofunum á Seltjarnarnesi eigi síðar en 5. maí 2014. Þeir sem gera ekki athugasemdir við breytinguna fyrir þann tíma teljast samþykkir henni.

Seltjarnarnesi 18. mars 2014.

Skipulags- og byggingarfulltrúi á Seltjarnarnesi.

(2014005289

Útgáfud.: 20. mars 2014

Auglýsing um skipulag - uppsveitir Árnessýslu, Flóahreppur og Ásahreppur

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórna varðandi eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

1. Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 í landi Miðengis. Stækkun frístundabyggðarinnar Bústjórabyggð.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi 5. febrúar 2014 tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins í landi Miðengi. Í breytingunni felst að svæði fyrir frístundabyggð stækkar um 2 ha til norðvesturs, meðfram aðkomuvegi að Miðeng. Svæðið er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Að mati sveitarstjórnar er breytingin það óveruleg að ekki er þörf á málsmeðferð skv. 30. – 32. gr. skipulagslaga.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

2. Breyting á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Lækjarhvatns. Smávirkjun.

Lýsing breytingar sem felur í sér að gert er ráð fyrir allt að

480 kW rennslistvirkjun í Heiðará og Þverá í landi Lækjarhvatns. Stífla í Heiðará verður í 115 m.y.s., 50 m breið og 4 m há og lónið um 0,2 ha að stærð. Stífla í Þverá verður í 114 metra yfir sjávarmáli, 100 m breið og 5 m há og lónið um 0,5 ha. Frá stíflu við Þverá verður 950 m aðveitulögn að stöðvarhúsi við Grafará.

3. Breyting á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 í landi Austureyjar. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað íbúðarsvæðis.

Lýsing breytingar sem felur í sér að íbúðarsvæði í landi Austureyjar breytist í svæði fyrir verslun- og þjónustu. Í gildandi deiliskipulagi svæðisins eru afmarkaðar 4 íbúðarhúsaloðir á svæðinu þar sem byggja má allt að 400 fm íbúðarhús. Gert er ráð fyrir að í stað íbúðarhúsaloða verði á svæðinu ein lóð fyrir allt að 1.600 fm gistihús/hótel.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi:

4. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 innan þéttbýlisins Reykholt. Breyting á tengingu Lyngbrautar við Þjóðveg.

Í breytingunni felst að hluti Lyngbrautar verði botnlangi út frá Biskupstungnabraut sem mun ná inn fyrir núverandi aðkomu að lóðinni Lyngbraut 5. Aðkoma að lóðunum Lyngbraut 1, 2, 3 og 5 verða frá þessum botnlanga, en ekki verður lengur hægt að aka um Lyngbraut að öðrum lóðum innan þéttbýlisins. Þá er einnig gert ráð fyrir að aðkoma að lóðinni Lyngbraut 5 frá Bjarkarbraut verði felld niður.

5. Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 á spildu úr landi Klausturhóla við Biskupstungnabraut. Svæði fyrir verslun- og þjónustu í stað frístundabyggðar.

Um er að ræða um 20 ha spildu úr landi Klausturhóla við Biskupstungnabraut þar sem í dag er í gildi deiliskipulag fyrir 28 frístundahúsaloðir. Gert er ráð fyrir að breyta landnotkun svæðisins í verslunar- og þjónustusvæði þar sem fyrirhugað er að reisa um 50 orlofshús auk þjónustuhúss. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins fylgir með til skýringar.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagstillögum:

6. Deiliskipulag smávirkjunar fyrir fjarskiptastöð Neyðarlínunnar við Bláfell í Bláskógabyggð.

Deiliskipulagið nær til svæðis við fjallið Bláfell á Kili þar sem fyrirhugað er að koma upp 10-20 kW smávirkjun til að sjá fjarskiptastöð Neyðarlínunnar fyrir rafmagni. Stífla, stöðvarhús og önnur mannvirki verða staðsett í um 620 m hæð.

7. Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli við Brúará úr landi Efri-Reykja í Bláskógabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir nýtt lögbýli á lóðinni Efri-Reykir lóð 2 sem eru um 2,5 ha að stærð og liggur að Brúará með aðkomu frá Reykjavegi nr. 355. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að byggja íbúðarhús, gestahús og skemmu á lögbýlinu.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillögur að breytingu á aðalskipulagi:

8. Breyting á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 á spildu úr landi Kjóastaða. Verslun og þjónusta í stað landbúnaðarsvæðis.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að um 12 ha svæði úr landi Kjóastaða 1, spilda með lnr. 220934, breytist í svæði fyrir verslun- og þjónustu þar sem fyrirhugað er að byggja upp ferðaþjónustu. Á svæðinu er gert ráð fyrir tjaldsvæði auk þess sem heimilt verður að reisa a.m.k. 2 hús fyrir gistingu og aðra þjónustu, s.s. veitingasölu. Tillaga að deiliskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

9. Deiliskipulag Sjónarhóls í Ásahreppi. Íbúðarhús og skemma.

Auglýst að nýju deiliskipulag sem tekur til um 2,9 ha spildu sem heitir Sjónarhóll (lnr. 198871) og er gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa allt að 500 fm skemmu til viðbótar við núverandi íbúðarhús og jarðhýsi. Aðkoma að svæðinu er um Heiðarveg nr. 284.

10. Deiliskipulag friðlands við Gullfoss og næsta nágrennis ásamt umhverfisskýrslu, Bláskógabyggð.

Deiliskipulag fyrir friðlandið við Gullfoss og nánasta umhverfi þess auk verslunar- og þjónustusvæðis (Gullfosskaffi) í landi Brattholts. Markmið tillögunnar er að tryggja verndun friðlýsta svæðisins með uppbyggingu mannvirkja sem falla vel að ámynd umhverfisins og auðvelda gestum aðgengi um svæðið. Nær tillagan til uppbyggingar stígakerfis svæðisins, útsýnisstaða, aðkomuleiða og bílastæða auk mannvirkja á verslunar- og þjónustusvæði.

11. Deiliskipulag bæjartorfu Miðdalskots og næsta nágrennis, Bláskógabyggð.

Skipulagssvæðið er um 13 ha stærð og nær yfir núverandi bæjartorfu auk svæðis til norðvesturs af henni. Gert er ráð fyrir að byggt verði nýtt íbúðarhús, nýtt útihús auk þess sem heimilt verður að stækka þau hús sem þegar eru til staðar. Þá er einnig gert ráð fyrir byggingu allt að 5 útleiguhúsa í tengslum við ferðaþjónustu bænda.

12. Deiliskipulag fyrir verslunar- og þjónustusvæði á spildu úr landi Kjóastaða 1 í Bláskógabyggð (lnr. 220934).

Deiliskipulagi tæplega 12 ha spildu úr landi Kjóastaða (lnr. 220934), vestan við aðkomuveg að bæjartorfu Kjóastaða. Í tillögunni er gert ráð fyrir að nýta svæðið að hluta fyrir tjaldsvæði auk þess sem heimilt verður að reisa tvö hús fyrir gistingu og veitingarekstur. Breyting á aðalskipulagi svæðisins er auglýst samhliða.

13. Deiliskipulag fyrir miðsvæði Flúða í Hrunamannahreppi.

Deiliskipulagssvæðið er um 31 ha að stærð og nær til suðvesturhluta Flúða. Það afmarkast að stórum hluta af þéttbýlismörkum til suðurs, til norðurs af Langholtsvegi, lóð hótels og Akurgerðisreits og til austurs af Hrunamannavegi. Innan skipulagssvæðisins eru í gildi tvær skipulagsáætlanir, fyrir Suðurbrún og Grund, og falla þær úr gildi með nýju skipulagi. Árið 2002 var samþykkt deiliskipulag sem náði yfir stóran hluta miðsvæðis Flúða en það tók aldrei formlega gildi. Markmið nýs deiliskipulags er að marka stefnu um

skipulag miðsvæðis með þeirri byggð, stofnunum og þjónustustarfsemi sem þar er að finna s.s. grunn- og leikskóli, félagsheimili, verslun, sundlaug, íþróttahús og íbúðasvæði. Skipulagið nær einnig til svæðis í næsta nágrenni miðsvæðisins, bæði opinna svæða, íbúðar- og atvinnulóða.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarstjórna og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá kl. 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm>. Skipulagstillögur nr. 2-7 eru í kynningu frá 20. mars til 2. apríl 2014 en tillögur nr. 8-13 frá 20. mars til 2. maí. Athugasemdir og ábendingar við tillögur nr. 2-7 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 2. apríl 2014 en 2. maí fyrir tillögur nr. 8-13. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Pétur Ingi Haraldsson,
skipulagsfulltrúi.

(2014005309

Útgáfud.: 24. mars 2014

Auglýsing um skipulag - Hveragerðisbær

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 13. mars sl. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Hólmabrun og Dalsbrún skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin nær eingöngu til Dalsbrúnar en á sex raðhúsaloðum við Dalsbrún er lagt til að íbúðum verði fjölgað um eina íbúð á lóð eða samtals um sex íbúðir. Raðhúsaíbúðir í götunni verða þá samtals 27 í stað 21 íbúðar.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofunni, Sunnumörk 2, Hveragerði frá 24. mars 2014 til og með 5. maí 2014 og á heimasíðu Hveragerðisbæjar: www.hveragerdi.is. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 5. maí 2014 að Sunnumörk 2, 810 Hveragerði eða á netfangið: gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

(2014005378

Útgáfud.: 18. mars 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **Ferðapassinn ehf.**

Kt.: 470314-1330.

Heimili og varnarþing: **Hringbraut 51, Hafnarfirði.**

Dagsetning samþykktar er: 14. febrúar 2014.

Stofnendur: Jón Hlíðar Runólfsson, kt. 190257-3479, Hringbraut 51, Hafnarfirði, Eyrún Ósk Jónsdóttir, kt. 210981-4629, Einivöllum 5, Hafnarfirði, Sigurður Valgeir Jósefsson, kt. 200460-3169, Hvammabraut 10, Hafnarfirði.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 14. febrúar 2014.

Formaður stjórnar: Jón Hlíðar Runólfsson. Meðstjórnandi: Sigurður Valgeir Jósefsson. Varastjórn: Eyrún Ósk Jónsdóttir.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Sigurður Valgeir Jósefsson.

Prókúruumboð: Jón Hlíðar Runólfsson, Sigurður Valgeir Jósefsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Alexander Árnason, kt. 270244-4249, Grettisgötu 34, Reykjavík, Alex-Endurskoðun ehf., kt. 670892-2049, Skipholti 15, Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur sund- og safnakorts og fríðindakorts fyrir ferðamenn.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2014005066

Útgáfud.: 18. mars 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **A2B ehf.**

Kt.: 440314-1040.

Heimili og varnarþing: **Lækjarvaði 2, Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 6. febrúar 2014.

Stofnendur: Baldur Þorgilsson, kt. 290862-8339, Grænuhlíð 10, Reykjavík, Arinbjörn Viggó Clausen, kt. 021263-5169, Heiðargerði 60, Reykjavík, Björgvin Hlíðkvist Bjarnason, kt. 070969-5649, Lækjarvaði 2, Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 6. febrúar 2014.

Formaður stjórnar: Arinbjörn Viggó Clausen. Meðstjórnendur: Björgvin Hlíðkvist Bjarnason, Baldur Þorgilsson.

Firmað ritar: Prókúruhafi og stjórnarformaður.

Prókúruumboð: Baldur Þorgilsson, Arinbjörn Viggó Clausen, Björgvin Hlíðkvist Bjarnason.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Reynir Þór Valgarðsson, kt. 260470-3969, Hraunbraut 2, Kópavogi.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er vöruþróun, innflutningur, útflutningur, sala og markaðssetning.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.

(2014005067

Útgáfud.: 18. mars 2014

Hlutfélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: **JamKo ehf.**

Kt.: 440314-1390.

Heimili og varnarþing: **Iðufelli 12, Reykjavík.**

Dagsetning samþykktar er: 13. febrúar 2014.

Stofnendur: Jamil Kouwatli, kt. 100176-4599, Iðufelli 12, Reykjavík.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 13. febrúar 2014.

Stjórnarmaður: Jamil Kouwatli. *Varastjórn:* Yasmin Hamada, kt. 010184-3639, Iðufelli 12, Reykjavík.

Firmað ritar: Stjórnarmaður.

Framkvæmdastjórn: Jamil Kouwatli.

Prókúruumboð: Jamil Kouwatli.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Sigurður Árnason, kt. 100281-3179, Mánagötu 19, Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er trésmíði, húsgagnasmíði, viðgerðir á fasteignum og innréttingum og önnur tengd starfsemi.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2014005068)

Útgáfud.: 21. mars 2014

Stefna - f.h. Eikar fasteignafélags hf.

Eik fasteignafélag hf.,

kt. 700169-0819,

Sóltúni 26, Reykjavík

gerir kunnugt: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Jóni Ásgeiri Sigurbjartssyni, kt. 290961-4169, óstaðsettan í hús, til greiðslu skuldar samtals að fjárhæð kr. 870.281 ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001 af kr. 129.955 frá 1. ágúst 2013 til 31. ágúst 2013

en af kr. 137.686 frá þeim degi til 1. september 2013,

en af kr. 268.081 frá þeim degi til 30. september 2013,

þá af kr. 275.812 frá þeim degi til 1. október 2013,

þá af kr. 406.647 frá þeim degi til 31. október 2013,

þá af kr. 415.076 frá þeim degi til 1. nóvember 2013,

þá af kr. 545.911 frá þeim degi til 30. nóvember 2013,

þá af kr. 556.368 frá þeim degi til 1. desember 2013,

þá af kr. 687.675 frá þeim degi til 31. desember 2013,

þá af kr. 726.324 frá þeim degi til 1. janúar 2013,

þá af kr. 858.323 frá þeim degi til 31. janúar 2014

og loks af kr. 870.281 frá þeim degi til greiðsludags.

Loks er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi lögmanns stefnanda sem áskilinn er réttur til að leggja fram við aðalflutning málsins ef til hans kemur.

Málflutningsumboð: Magnús H. Magnússon hrl. rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er til komin vegna leiguskuldar stefnda um hluta eignarinnar að Síðumúla 15. Þann 24. júlí 2013 skrifaði stefndi undir bindandi húsaleigutilboð vegna eignarinnar, sbr. dskj. nr. 3. Var leigusamningurinn tímabundinn til 31. júlí 2017, en samkvæmt samningnum var umsamin leiga ákveðin 130.000 kr. á mánuði og skyldi leigan verðtryggt miðað við grunnvísitöluna 413,50. Jafnframt skyldi stefndi greiða sameiginlegan kostnað sem til félli vegna hins leigða

húsnæðis mánaðarlega.

Leigan og hinn sameiginlegi kostnaður hefur verið í vanskilum frá upphafi leigutímans. Þann 19. september og 10. október 2013 voru stefnda sendar greiðsluáskoranir, sbr. dskj. nr. 4-5, en engin viðbrögð voru við þeim innheimtutilraunum af hálfu stefnda. Innheimtubréf var sent í nóvember 2013, sbr. dskj. nr. 6. Stefndi afhenti húsnæðið í lok janúar 2014. Innheimtutilraunir af hálfu lögmanns stefnanda vegna vangoldinnar húsaleigu hafa ekki borið árangur.

Krafa stefnanda er reist á meginreglum samningaréttar og kröfuréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og húsaleigulögum nr. 36/1994, þá sérstaklega XII. kafla laganna. Krafan er byggð á greiðsluseðlum vegna tímabilsins, sbr. dskj. 7-24 og reikningsyfirliti, sbr. dskj. nr. 25. Eignin var afhent í lok janúar 2014. Dómkrafa stefnanda sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Greiðsluseðill á gjalddaga 1. ágúst 2013	kr. 129.995
Greiðsluseðill á gjalddaga 31. ágúst 2013	kr. 7.731
Greiðsluseðill á gjalddaga 1. september 2013	kr. 130.395
Greiðsluseðill á gjalddaga 30. september 2013	kr. 7.731
Greiðsluseðill á gjalddaga 1. október 2013	kr. 130.835
Greiðsluseðill á gjalddaga 31. október 2013	kr. 8.429
Greiðsluseðill á gjalddaga 1. nóvember 2013	kr. 130.835
Greiðsluseðill á gjalddaga 30. nóvember 2013	kr. 10.457
Greiðsluseðill á gjalddaga 1. desember 2013	kr. 175.300
Greiðsluseðill á gjalddaga 31. desember 2013	kr. 131.307
Greiðsluseðill á gjalddaga 1. janúar 2014	kr. 11.958
Greiðsluseðill á gjalddaga 31. janúar 2014	kr. 131.056
Samtals	kr. 1.780.965

Ofangreint er dómkrafa málsins ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 38/2001.

Stefnu þessa er nauðsynlegt að birta í Lögbirtingablaði þar sem stefndi er óstaðsettur í hús, sbr. dskj. nr. 30, sbr. 1. og 2. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Um lagaskyldu stefnda til að greiða stefnanda er byggt á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og húsaleigulögum nr. 36/1994, þá sérstaklega XII. kafla laganna um riftun. Kröfur um vexti og dráttarvexti styðjast við reglur III. kafla laga nr. 38/2001 en krafa um málskostnað við 130. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Bindandi húsaleigutilboð, dags. 24. júlí 2013.
- 4-5. Greiðsluáskoranir.
6. Innheimtubréf, dags. 22. nóvember 2013.
- 7-24. Greiðsluseðla.
25. Reikningsyfirlit.
26. Útprintun úr Creditinfo vegna heimilisfangs.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Jóni Ásgeiri Sigurbjartssyni, kt. 290961-4169, óstaðsettur í hús, til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 6. maí 2014, klukkan 10:00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og dóm að þola. Verði ekki mætt af hálfu stefnda má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Reykjavík, 18. mars 2014,
Magnús H. Magnússon hrl.

(2014005328

Útgáfud.: 20. mars 2014

Endurveiting fjárræðis

Hér með tilkynnist að með úrskurði, uppkveðnum 18. mars 2014, í héraðsdómi Reykjavíkur, hafi Gunnari Gunnarssyni, kt. 280846-4579, Flókagötu 31, Reykjavík verið aftur fengið fjárræði sitt sem hann var sviptur með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur hinn 18. júlí 1986.

Reykjavík, 20. mars 2014,
Þórður Clausen Þórðarson héraðsdómari.

(2014005327

Útgáfud.: 19. mars 2014

Auglýsing um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, verður erlendis frá 18. mars til 21. mars 2014. Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytinu 18. mars 2014.

F.h.r.

Ágúst Geir Ágústsson.

Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir.

(2014005147

Útgáfud.: 19. mars 2014

Auglýsing frá forsætisráðuneytinu

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra er farinn til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra störfum forsætisráðherra og Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra gegnir störfum forsætisráðherra í fjarveru fjármála- og efnahagsráðherra.

Í forsætisráðuneytinu 18. mars 2014.

F. h. r.

Ágúst Geir Ágústsson.

Þórhalla Rein Aðalgeirsdóttir.

(2014005288

Útgáfud.: 20. mars 2014

Kröfuhafafundur - Kaupþing hf.

Fimmtudaginn 10. apríl 2014, kl. 10:00, verður haldinn kröfuhafafundur vegna slitameðferðar Kaupþings hf., kt. 560882-0419. Verður fundurinn haldinn á Hilton Reykjavík Nordica Hótel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Á fundinum verður fjallað um afstöðu til krafna og farið yfir önnur almenn atriði tengd slitameðferðinni.

Fundurinn fer fram á íslensku en er túlkaður á ensku fyrir þá sem þess óska. Rétt til fundarsetu hafa þeir sem lýst hafa kröfu á hendur Kaupþingi hf. sem ekki hefur verið endanlega hafnað eða þeir sem hafa fengið slíka kröfu framselda með lögmætum hætti.

Reykjavík, 13. mars 2014,
Slitastjórn Kaupþings hf.
Feldís Lilja Óskarsdóttir hdl.
Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.
Theodór S. Sigurbergsson lögg. endursk.

(2014005308

Útgáfud.: 24. mars 2014

Auglýsing um friðlýsingu æðarvarps í umdæmi sýslumannsins á Eskifirði

Friðlýst æðarvarp er í landi jarðarinnar Eyri, Fáskrúðsfirði. Svæðið afmarkast frá Hagahorni að austan og inn í krókinn um það bil 100 metrum inn innan við Eyrará að vestan. Að sunnan ræður þjóðvegurinn og að norðan hafið.

Eskifirði, 21. mars 2014,
Sýslumaðurinn á Eskifirði.

(2014005377

Lögbirtingablað,
31. tölublað 2014.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.